



Hörgársveit

Fréttabréf

22. október 2014 5. árgangur 12. tölublað

Hin árlega árshátíð Hörgársveitar

verður haldin í Hlíðarbæ fyrsta vetrardag, 25. október

Hljómsveitin **Í 7unda himni** leikur fyrir dansi.

Veislustjórar eru presthjónin á Möðruvöllum, sr. Oddur Bjarni og Margrét.

Húsið opnar kl. 19:45 og borðhald hefst stundvíslega kl. 20:30.

Miðapantanir þriðjudagkvöldið 21. október og miðvikudagskvöldið 22. október kl. 20:00-22:00.

Valur: 462 6795 og 898 6795 Auðbjörn: 466 3140 og 864 8000

Forsala aðgöngumiða verður í Hlíðarbæ fimmtudaginn 23. október kl. 20:00-22:00. Miðaverð 6.500 kr.

Leikfélag Hörgdæla

Kirkjukór Möðruvallaklaustursprestakalls

Ungmennafélagið Smárinn

Ferðafélagið Hörgur

Hrossaræktarfélagið Framfari

Lausir tímar á laugardögum í íþróttahúsinu á Þelamörk
Sjá auglýsingu á baksíðu

Hörgársveit

Sími: 460 1750

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Údráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 51 20. október 2014

Mætt voru: Axel Grettisson, Ásrún Árnadóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir og Jón Þór Benediktsson

1. Fundargerð framkvæmdastjórnar byggingafulltrúaembættis 23. september 2014

Fundargerðin er í fimm liðum, um kosningu formanns og ritara, um skýrslu byggingafulltrúa 2013, um ársreikning ársins 2013, um fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og um drög að samþykktum fyrir byggðasamlag um embætti skipulags- og byggingafulltrúa Eyjafjarðar.

Sveitarstjórn samþykkti fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun byggingafulltrúaembættisins og að áfram verði unnið að því að setja á fót embætti skipulags- og byggingafulltrúa fyrir Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhrepp á grundvelli fyrirbyggjandi draga að samþykktum byggðasamlags um slíkt embætti. Að öðru leyti gefur fundargerðin ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

2. Fundargerð byggingarnefndar 7. október 2014

Fundargerðin er í sex liðum, fjórir þeirra varða Hörgársveit, þ.e. lóð nr. 9 við D-götu á Steðja, lóð nr. 9 við E-götu á Steðja, lóð úr Þrastarhóli og Búðagötu 13a á Hjalteyri.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

3. Gjaldskrár fyrir árið 2015

Rætt um gjaldskrár sveitarsjóðs og stofnana hans fyrir árið 2015.

Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir umsögn viðkomandi nefnda á gjaldskráum þeirra stofnana sem undir þær heyra og að gjaldskrárnar fylgi afgreiðslu á fjárhagsáætlun ársins 2015.

4. Fjárhagsáætlun fyrir árin 2015-2018, fyrri umræða

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2015 og rætt um fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2018. Tillagan gerir fyrir ráð fyrir að á árinu 2015 verði rekstrarafgangur kr. 27,4 og að veltufé frá rekstri á árinu verði 54,7 millj. kr.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa fyrirbyggjandi tillögu að fjárhagsáætlun árunna 2016-2018 til síðari umræðu.

5. Heimavistarálma þelamerkurskóla, ráðstöfun

Lagður fram tölvupóstur, dags. 14. október 2014, frá Bjálkanum og flísinni ehf., þar sem lýst yfir áhuga á samstarfi um breytta nýtingu á heimavistarálmu þelamerkurskóla, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 18. september 2014.

Sveitarstjórn samþykkti að fela oddvita og varaoddvita að ræða við bréfitara um erindið.

6. Laugaland, breyting á eignarhald

Rætt um atriði sem tengjast breyttu eignarhaldi á jörðinni Laugalandi, sbr. fundargerð fundar sveitarstjórnar 16. apríl 2014. Helstu atriðin eru lóðarmál bygginganna á Laugalandi og gjaldtaka hitaveituvatns fyrir þær.

Sveitarstjórn samþykkti að viðræður eigi sér stað við Norðurorku hf. um þau atriði sem tengjast breyttu eignarhaldi á Laugalandi. Til að annast þær viðræður af hálfu Hörgársveitar tilnefndi sveitarstjórnin oddvita og sveitarstjóra.

7. Ós, sala landspildu

Fram kom að seldar hafa verið tvær af þremur landspildum úr landi Óss og rætt var um hugsanlega sölu eða aðra ráðstöfun á þeirri landspildu sem óseld er.

Sveitarstjórn samþykkti að sú landspilda úr land í Óss, sem er óseld, verði auglýst til sölu.

8. Íslandsbanki, yfirdráttarheimild

Fram kom að handbært fé sveitarsjóðs er lítið, þannig að ekki sé hjá því komist að leita eftir tímabundinni heimild til yfirdráttar á veltureikningi þess.

Sveitarstjórn samþykkti að óskað verði eftir heimild til yfirdráttar á veltureikningi sveitarsjóðs að fjárhæð kr. 15 millj. kr. sem gildi til 15. apríl 2015.

9. Rjúpnaholt, nafnbreyting

Lagt fram bréf, ódags., frá Hermanní Óskarssyni um nafnbreytingu á frístundahúsinu Rjúpnaholti á Þelamörk. Í bréfinu er gert ráð fyrir að húsið fái nafnið Múmíndalur.

Sveitarstjórn samþykkti að ekki verði gerð athugasemd af hálfu sveitarfélagsins við að heiti húseignarinnar Rjúpnaholt verði breytt í Múmíndalur.

10. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024, auglýsing tillögu

Lagt fram bréf, dags. 16. október 2014, frá Brynjólfi Snorrassyni um flutningsleiðir raforku í tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins. Einnig lagði Ásrún Árnadóttir fram tillögu að breyttum kafla nr. 3.4.8. um rafveitu í fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa til skipulags- og umhverfisnefndar bréfi Brynjólfs Snorrasonar um flutningsleiðir raforku í tillögu að aðalskipulagi sveitarfélagsins og framkominni tillögu um breyttan kafla um rafveitu í fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulaginu. Einnig var samþykkt að að svara fyrirspurn Brynjólfs um hvenær erindi Þorsteins Rútssonar, f.h. landeigenda á línuleið Blöndulínu 3, sem lagt var fram á síðasta fundi sveitarstjórnar verði tekin fyrir, með hætti að það hafi verið tekið fyrir á síðasta fundi og að það verði áfram til meðferðar. Þá var samþykkt að vísa bréfi landeigenda til skipulags- og umhverfisnefndar.

11. Menningarfélagið Hof ses., aðalfundarboð

Lagt fram bréf, dags. 1. október 2014, frá Menningarfélaginu Hofi ses. þar sem boðað er til aðalfundar félagsins þann 23. október 2014.

Sveitarstjórn samþykkti að Axel Grettisson fari með atkvæði sveitarfélagsins á aðalfundi Menningarfélagsins Hofa ses. 23. október 2014.

12. Norðurorka hf., hluthafafundarboð

Lagt fram til kynningar fundarboð hluthafafundar Norðurorku hf. Hluthafafundurinn verður 20. október 2014.

13. Félag tónlistarskólakennara, ályktanir um launasetningu

Lagðar fram til kynningar tvær ályktanir, dags. 9. október 2014, frá Félagi tónlistarskólakennara um launasetningu tónlistarskólakennara.

14. Flokkun Eyjafjörður ehf., skipan í starfshóp

Lagt fram tölvubréf, dags. 20. október 2014, frá Flokkun Eyjafjörður ehf. þar sem óskað eftir að skipaður verði fulltrúi sveitarfélagsins í starfshóp um starfsemi Flokkunar, sbr. samþykkt aðalfundar félagsins 6. október 2014.

Sveitarstjórn samþykkti að tilnefna Guðmund Sigvaldason sem fulltrúa sveitarfélagsins í starfshóp um starfsemi Flokkunar Eyjafjörður ehf.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 20. nóvember í Þelamerkurskóla
Dagskrá hans mun birtast á www.horgarsveit.is 18. nóvember

Ós í Hörgárdal Landspilda til sölu

Sveitarstjórnin óskar eftir tilboðum í landspildu úr jörðinni Ósi í Hörgárdal. Jörðin er norðan við Hörgá og austan við Ásláksstaði. Landspildan er um 18 ha að stærð, þar af er um 9,5 ha tún.

Útboðslýsing er fánleg á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla, síminn er 460 1750 og netfangið er horgarsveit@horgarsveit.is. Tilboðsfrestur er til kl. 11:00 mánuudaginn 17. nóvember 2014. Þá verða þau opnuð á skrifstofu sveitarfélagsins að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarstjórinn

Lausir tímar á laugardögum í íþróttahúsinu á Þelamörk

Ennþá eru lausir tímar á laugardögum fyrir fótbolta, badminton, körfu, bandí, fjölskyldustund í leikjum og margt fleira, og svo að sjálfsögðu sund á eftir. Endilega hafðu samband í síma 462 4718 eða komdu og kíktu við til að fá nánari upplýsingar.